

## SÍSL stjórnarfundur símleiðis, mánudaginn 20.janúar 2020

Fundur settur kl. 10:07.

Mættir eru Snorri, Daði Þór, Sóley Björk og Þorvaldur.

Snorri leggur til að stjórnin fundi vikulega fram að landsmóti og fundi kl. 9:00 á föstudögum.

### Landsmótið

Ekki liggur fyrir ennþá kostnaður við fyrirhugað landsmót í Reykjanesbæ í apríl 2020. Lokatölur liggja ekki fyrir frá Reykjanesbæ varðandi kostnað á húsnæði og mat, þannig að ekki er unnt fyrir SÍSL að ákveða mótsgjald sem stendur. Mótsgjaldið hefur verið 13.500 krónur ef greitt er fyrir ákveðna dagsetningu, en 15.000 krónur ef greitt er síðar. Við veltum því fyrir okkur hvort að það eigi að hækka það gjald fyrir komandi landsmót, en við ætlum að bíða eftir því að fá nánari kostnaðaráætlun frá mótshöldurum áður en það verður ákveðið að hækka mótsgjaldið. Nú þegar hafa rúmlega 400 nemendur skráð sig á landsmótið en búast má við því að sú tala hækki töluvert fyrir landsmót. Daði Þór hefur tekið að sér að vera í sambandi við Harald Árna skólastjóra Tónlistarskóla Reykjanesbæjar varðandi þetta og mun hann halda því áfram fram að næsta fundi.

Lögð hefur verið fram tillaga að breytingu á slagverkshljómsveitarstarfi á landsmótinu. Það hefur reynst erfitt að halda úti markverðu starfi þegar allir slagverksnemendur mótsins fara saman í eina stóra slagverkssveit. Því hefur verið nefnd aftur sú hugmynd, að hafa námskeiðsmiðað starf fyrir þá nemendur, þar sem að hópnum er skipt niður í smærri hópa sem færu á nokkur slagverkstengd námskeið á meðan á mótinu stendur. Til dæmis ef nemendurnir yrðu allt í allt 100 talsins, þá væri hægt að skipta þeim niður í fimm 20 manna hópa sem skiptust á að fara á 4-5 námskeið. Þetta myndi gera upplifun nemendanna fjölbreyttari og einnig myndi þetta dreifa álaginu betur á viðkomandi kennara. Þar af leiðandi þarf að ráða inn fleiri kennara til verksins en ella og því þarf stjórnin að velja þessu fyrir sér, með hvaða hætti er best að framkvæma þetta ef þetta fyrirkomulag verður prófað.

### Útsetningar

Nú þarf að fara að ýta verulega á útsetjara fyrir landsmótið svo að nýtt efni geti verið notað á landsmótinu. Mikil þörf er á nýjum útsetningum í gagnagrunn SÍSL. Þetta verður rætt betur á næsta fundi stjórnarinnar þegar allir stjórnarmeðlimir mæta til leiks.

### Aðalfundur SÍSL

Samkvæmt lögum samtakanna þarf Aðalfundur SÍSL að hafa farið fram í síðasta lagi fyrir lok apríl. Stjórn SÍSL veltir fyrir sér hvort að gera megi undanþágu frá því í ár, þar sem að landsmótið er síðustu helgina í apríl. Það er byggt á þeim rökum að þá getur núverandi stjórn einbeitt sér að því að afgreiða landsmótið og þá væri hægt að funda fljótlega í kjölfarið á því til þess að fá viðbrögð félaga við landsmótinu. Einnig er æskilegt að hugsanlegar stjórnarbreytingar í kjölfar aðalfunds verði gerðar að landsmóti loknu.

Næsti fundur verður haldinn símleiðis kl. 09:00 föstudaginn 24.janúar.

Fundi slitið kl. 10:56.

Þorvaldur Halldórsson ritaði.

SÍSL FUNDUR - 24.janúar, kl. 09:16

Mættir eru: Sóley, Þorvaldur, Daði, Elvar, Snorri

Daði minnir á töluvupóst sem er inn á SÍSL. Ýlir - styrkumsókn vegna Óskalaga í Hörpu 2020.

Styrkir rennur út 30.jan. Þarf að finna dagsetningu í kringum 15.

Nóvember 2020 – reyna að bóka Norðurljós frekar en Silfurberg.

Daði fer í að fylla út umsókn.

Landsmót:

Útsetningar, hver er staðan á þeim?

Strandhögg - Elvar

Áfram – Ingi Garðar

Ingi garðar fær styrk til að útsetja 6 lög fyrir A-sveitir. Hafa samband við hann og semja við að fá að kaupa/nota þær útsetningar á landsmótinu.

Excel skjal komið inn á drive tengt landsmótinu. Reynum að fylla inn upplýsingar þar eins og þær kemur inn.

Kostnaður við matsal sem verður í fjölbautarskólanum:

Salur 2000kr klukkutími

Húsvörður 5000kr klukkutími

Tilboð í matinn kemur sitthvoru megin við helgina (þarf að reikna strætóferðir með líka inn í þann pakka)

**Föstudagur eftir viku (31.janúar) hittast klukkan 9:00 í Reykjanesbæ og funda með Karen og Halla og fara yfir dagskrá/lokaverð/strætóferðir og margt annað tengt Landsmótinu.**

Hækka gjald á landsmót? Sísl á peninga og eru ekki samtök sem eiga að græða. Þurfum að reikna fyrst út hvað mótið kostar áður ákveðið er að taka umræðuna hækka verð.

Foreldrafélag Reykjanesbæjar fær þóknun fyrir að halda mótið. Þau þurfa að skila skólum af sér hreinum. Hækka gjaldið um 300 kr á barn til þess að þau geta ráðið „stormsveit“ til að þrifa. Fá það á hreint. Fresta staðfestingargjaldinu fram til 15.febrúar þegar við erum komin með lokaverð á mótið.

Sendum tölvupóst með öllum upplýsingum í næstu viku / þar verður skráningarskjal og staðfesting á lokaverði.

Þarf að finna skemmtiatriði fyrir laugardagskvöldið – bæði atriði og diskótek (Dísa/Daði hefur samband við hann)

Rattleikur? Sirkus? Töframaður? Stjörnusævar? Ævar vísindamaður?

Villi naglbítur? Villi & Sveppi?

Þarf að finna ljósmyndara og góðan stað fyrir myndatökuna

Mótsetning á föstudegi kl 21 í Íþróttahúsinu – bæjarstjóri mætir og formaður talar og svo mögulega atriði frá Reykjanesbæ – í samráði við Halla

Elvar ætlar að senda okkur útsetninguna sína af laginu „í síðasta skipti“ til að mögulega nota/kaupa fyrir bláu sveitina á landsmótinu. SÍSL á eitthvað nú þegar sem hægt er að nota.

Mikilvægt að hafa samt líka ferskar útsetningar með mikilli stemningu.

Snorri uppfærir landsmóts-excelskjalið og setur fyrir hver sér um hvern lið. Þetta þarf að vera komið á hreint í næstu viku.

Fundi slitið: 10:45

Fundargerð föstudaginn 7.febrúar kl.15:00  
Mætt eru: Snorri, Daði, Elvar og Sóley

Myndir frá óskalögum komnar inn á dropbox – fara inn á heimasíðuna

Festum að funda samviskusamlega 1x í viku – á föstudagsmorgnum klukkan 09:00 fram að landsmóti.

Útsetningar þurfa að vera klárar fyrir 24.febrúar og sendar út fyrir 2.mars 2020

Sirkus bókaður og Villi & Sveppi.

þarf að útbúa reglur varðandi endurgreiðslu vegna veikinda ofl, (hugmynd: endurgreiðsla mótsgjalds 10.000 kr vegna veikinda en ekki staðfestingargjaldið 5.000 kr) Snorri ætlar að athuga hvort til eru reglur síðasta landsmóts

Snorri tekur að sér formannsvinnu fram til landsmóts –

Heimasíða, vantar raddskrár fyrir margar útsetningar – margar frá Össuri, Einari, Inga G ofl.  
Raddskrár ekki inni vegna þess að allar sveitir sísl fengu sendann partidúr og útsetjarar tregir að láta þær af hendi svo þær yrðu ekki notaðar af hverjum sem er.  
Stjórnin sammála um að það þyrfti að fá raddskrár því SÍSL nótnasíðan væri nú þegar læst fyrir alla nema stjórnendur sveita SÍSL.

Logo fyrir bolina – senda Halla skilaboð að senda það inn sem fyrst.

þarf að hugsa um að pantar sal fyrir ársfund SÍSL  
þarf að negla niður dagsetningu. Einhver föstudagur kl. 17  
Við stefnum á 8.maí  
Reynum að fá tilboð í sal á þessari dagsetningu

Fundi slitið 16:15

## SÍSL stjórnarfundur símleiðis, föstudaginn 14.febrúar 2020

Fundur hefst kl. 09:07.

Mættir eru Snorri, Daði Þór, Elvar Bragi og Þorvaldur.

Slagverksfyrirkomulagið á landsmóttinu rætt.

Við ætlum að hafa samband við Emil Þorra, Jón Björgvinsson, Sigrúnu Kristbjörgu og Kristófer Rodriguez um að vera með námskeið fyrir slagverksleikara í hringekju-fyrirkomulagi á laugardeginum frá kl. 9-17. Elvar Bragi ætlar að hafa samband við Kristófer, Snorri ætlar að hafa samband við Sigrúnu og Þorvaldur ætlar að hafa samband við Jón og Emil Þorra.

Slagverksleikurum verður skipt í litahópa eins og hljómsveitum, og myndu taka þátt í sinni hljómsveit á föstudagsæfingunni, síðustu æfingu á laugardeginum og svo á sunnudeginum. Á laugardeginum fram að lokaæfingu myndu slagverksleikarar fara í námskeiðs-hringekju í Hljómahöll. Við erum að reikna með að ca. 10-12 verða í hverjum litahóp.

Fyrir þá slagverkskennara sem eru sérstaklega fengnir á mótið í hringekjuna er hugmynd um að greiða þeim 70 þúsund fyrir sína vinnu. Aðrir slagverkskennarar á móttinu sem koma með sinni hljómsveit verða þessum kennurum til aðstoðar.

Hljómsveitastjórar

Hugmyndavinna er hafin hjá stjórninni við að raða niður 2 hljómsveitarstjórum á hverja sveit ásamt einum aðstoðarmanni. Þegar það er orðið ljóst hverjir staðfesta komu sína á mótið, getur stjórnin neglt niður hljómsveitastjóra á hverja sveit. Það ætti að vera orðið nokkuð ljóst fyrir næsta fund að viku liðinni. Hugmyndin er að para saman ólíka hljómsveitastjóra saman.

Matur

Eftir að hafa séð matseðilinn fyrir landsmótið vilja stjórnarmenn gera athugasemd varðandi það að hafa kjöt í hverri máltíð. Einum kjötrétti verður skipt út fyrir kjúklingabollur. Fyrir þær erfiðu aðstæður sem geta skapast varðandi matinn svo sem óþol, ofnæmi og annað slíkt, verða svoleiðis atriði að vera dálítið á ábyrgð hverrar hljómsveitar fyrir sitt fólk sem er með óþol eða ofnæmi.

Æfinga- og gististaðir

Það væri hentugra ef að Heiðarskóla væri skipt út fyrir Njarðvíkurskóla sem gististað. Hann er nær kjarna bæjarins og mótsstað og þannig mætti komast hjá því að vera háð rútuferðum til og frá Heiðarskóla. Einnig viljum við kanna þann möguleika á að bæta við æfingastað í Stapa í Hljómahöll fyrir eina hljómsveit. Slagverkið myndi hafa aðstöðu í skólahluta Hljómahallar. Þorvaldur ætlar að kanna þetta mál hjá Haraldi, skólastjóra TR.

Staðsetning aðalfundar SÍSL

Stjórnin er sammála um að reyna að fá fundaraðstöðu ásamt veitingum hjá Hótel Borg, eftir að hafa fengið nokkur tilboð. Snorri ætlar að fara í það að staðfesta það við hótelið.

Næsti fundur verður haldinn símleiðis kl. 09:00 föstudaginn 21.febrúar

Fundi slitið kl. 10:41.

Þorvaldur Halldórsson ritaði.

## FUNDARGERÐ

### Aðalfundur Samtaka Íslenskra Skólalúðrasveita (SÍSL)

Fundur haldinn 8.maí 2020 kl.17:00 á Nauthól Bistro, Reykjavík.

Fundur settur kl. 17:08.

Fundargestir voru alls 20. Mættir voru eftirfarandi:

Snorri Heimisson, Þorvaldur Halldórsson, Elvar Bragi Kristjánsson, Sóley Björk Einarsdóttir, Jóhann I. Stefánsson, Einar Jónsson, Össur Geirsson, Sólveig Morávek, Sandra Rún Jónsdóttir, Karen Sturlaugsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Jóhann Morávek, Kristjón Daðason, Helga Björg Arnardóttir, Steinar Sigurðarson, Ingi Garðar Erlendsson, Heimir Guðmundsson, Gestur Áskelsson, Margrét Birna Sigurbjörnsdóttir og Jóhann Björn Ævarsson.

Fundarstjóri var Jóhann I. Stefánsson.

Fundur hófst á því að Þorvaldur Halldórsson las upp ársskýrslu stjórnar SÍSL fyrir hönd Daða Þórs Einarssonar formanns, sem var fjarverandi vegna veikinda. Áður en skýrslan var lesin upp, risu fundarmenn úr sætum sínum að ósk formannsins, og með augnabliks þögn, minntust Vilborgar Jónsdóttur hljómsveitarstjóra Skólahljómsveitar Austurbæjar sem lést í nóvember síðastliðnum.

Í skýrslunni var stiklað á stóru yfir helstu verkefni stjórnarinnar frá síðasta aðalfundi og ber þar helst að nefna vinnu SÍSL við undirbúning og framkvæmd Landsmóts A og B sveita í Reykjanesbæ sem átti að fara fram í apríl 2020, en sú vinna er nánast fullunnin og þarf því að taka upp þráðinn með þá vinnu aftur í haust. Einnig hefur mikil vinna verið unnin með Gísla Jóhanni Grétarssyni við uppbyggingu og endurnýjun á heimasíðu SÍSL. Undirbúningur við skipulag landsmóts C og D sveita fyrir árið 2021 er einnig farinn af stað en það verður í höndum nýrrar stjórnar að halda þeirri vinnu áfram í haust. Stjórn SÍSL hefur kallað til varastjórn til þess að aðstoða við þann undirbúning, þar sem að undirbúningur fyrir A/B mótið í Reykjanesbæ þarf að fara í gang aftur þar sem það mót fór ekki fram á réttum tíma vegna Covid-19 faraldursins.

Í lok skýrslunnar óskaði formaðurinn eftir því að víkja úr stjórninni og bauð þ.a.l. ekki kost á sér til setu í stjórninni áfram. Hann þakkaði öðrum stjórnarmönnum fyrir samstarfið og þakkaði fyrir sig.

Snorri Heimisson fór þar næst yfir reikninga félagsins. Félagið stendur nokkuð vel fjárhagslega en þó er halli upp á um það bil eina milljón króna, en þann halla má útskýra þannig að vegna þess að á árinu 2019 var haldið landsmót en á árinu 2020 var ekki haldið landsmót, þar sem að áætlað landsmót í Reykjanesbæ í apríl frestaðist um heilt ár. Landsmótin eru mikilvæg fyrir fjárhagsstöðu samtakanna og því má sjá verulegan mun á rekstrinum ef tekjur af landsmóti vantar í fjárhaginn. Að öðru leyti er reksturinn svipaður og hefur verið undanfarin ár.

Að lokinni yfirferð reikninga þá fóru í gang umræður um hvort að tilefni væri til að skipta um endurskoðanda eða fá einhvern innan samtakanna til þess að taka það verkefni að sér. Verðið fyrir vinnuna til endurskoðandans

var einnig rætt, það þótti mörgum ef til vill of hátt, en að ósk fundarstjóra verður þetta mál tekið nánar fyrir í nýrri stjórn fyrir næsta aðalfund.

Næsta mál á dagskrá var kosning nýrrar stjórnar. Daði Þór Einarsson, Elvar Bragi Kristjánsson og Þorvaldur Halldórsson stíga allir til hliðar úr stjórninni og því vantar þrjá nýja fulltrúa í stjórnina. Daði Þór óskaði eftir að hætta í stjórninni, en Þorvaldur og Elvar Bragi hafa setið í 2 ár frá sínu kjöri og gefa ekki kost á sér til endurkjörs. Fundarstjóri óskaði eftir framboðum í stjórnina og Sólveig Morávek bauð sig fram og var samþykkt í stjórnina með lófataki. Ingi Garðar Erlendsson kom með fyrirspurn um það hvort að tilefni væri til þess að athuga það að stjórnarmenn væru annað hvort starfandi skólastjórnendur eða hljómsveitastjórnar, en ekki óbreyttir kennarar innan skólanna/hljómsveitanna. Einnig kom hann með tillögu að lagabreyting yrði gerð í lögum samtakanna, þess efnis, að skylda væri alltaf fyrir einn fulltrúa frá hverju svæði að vera í stjórn SÍSL; frá Reykjavík, kraganum og landsbyggðinni. Í kjölfarið bauð Ingi Garðar Erlendsson sig fram í stjórn og var hann samþykktur með lófataki. Sandra Rún Jónsdóttir bauð sig svo fram að lokum í stjórn og var hún samþykkt með lófataki. Vegna framboðs Sólveigar Morávek í stjórn þá losnaði eitt pláss í varastjórn og bauð Einar Jónsson sig til þess að leysa hana af hólmi þar, og var hann einnig samþykktur með lófataki. Kristjón Daðason mun sitja áfram í varastjórn með Einari Jónssyni.

Nýja stjórn skipa því þau Snorri Heimisson, Sóley Björk Einarsdóttir, Sólveig Morávek, Ingi Garðar Erlendsson og Sandra Rún Jónsdóttir. Varamenn verða Kristjón Daðason og Einar Jónsson.

Fyrirspurn kom frá Jóhanni Morávek varðandi það hvort að áætla mætti annan fjárhagshalla á árinu 2020 vegna þess að ekki verður haldið landsmót á árinu, sem og í fyrra. Snorri Heimisson svaraði því að það væri alveg möguleiki. Tillaga berst þá frá Kristjóni Daðasyni um að árgjald samtakanna yrði hækkað úr 12.000 krónum í 15.000 krónur. Þetta er rætt aðeins á milli manna og önnur tillaga berst um að fara aðeins rólegra í þær sakir og hækka árgjaldið aðeins um þúsund krónur í 13.000 krónur. Þetta er samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

Snorri Heimisson fór næst yfir heimasíðu samtakanna, sisl.is og gerði grein fyrir helstu breytingum sem hann og Gísli Jóhann Grétarsson hafa gert á síðunni. Snorri benti þó á að uppfæra þyrfti upplýsingar um starfandi sveitir innan samtakanna á heimasíðunni og óskaði hann eftir aðstoð frá stjórnendum hljómsveitanna við að afla þeirra upplýsinga. Hann lagði til, að ef hljómsveitir vilja senda samtökunum myndband af sinni sveit, að þeir sendi hlekk á myndbandið frekar en að senda myndbandið sjálft. En einnig þarf að uppfæra lista yfir þær hljómsveitir sem tilheyra samtökunum á heimasíðunni og tilefni er til að endurskoða og endurnýja þann lista. Sumar hljómsveitirnar eru jafnvel ekki starfandi lengur. Tillaga kemur úr sal að þær hljómsveitir sem borga ársgjaldið fái sitt svæði á heimasíðunni, aðrar ekki. Enginn mótmælir þessari tillögu.

Össur Geirsson leggur hér til að nýjar útsetningar sem samtökin kaupa verði yfirfarnar af nótnanefnd til þess að ganga úr skugga um að útsetningar séu allar með sama útlit og aðra staðla sem æskilegt er að fara eftir við uppsetningu útsetninganna. Ingi Garðar Erlendsson tekur í sama streng. Nótnanefndin hefur ekki starfað í nokkur ár en á sínum tíma skipuðu þau Einar Jónsson, Karen Sturlaugsson og Martin Markvoll nótnanefndina. Össur Geirsson hvetur til þess að nótnanefndin verði virkjuð aftur til þess að fara yfir allar nýjar útsetningar sem samtökin kaupa. Ingi Garðar Erlendsson tekur einnig undir þetta. Einnig gerir Össur athugasemd við það að allar

raddskrár séu aðgengilegar öllum á netinu, þar sem að hugsanlega séu einhverjir þarna úti sem hafa ekki borgað fyrir þær í raun og veru, fyrr eða síðar, og nú séu þær öllum aðgengilegar.

Össur bendir enn fremur á, að þó svo að útsetningar séu keyptar af útsetjurum, eiga þeir sjálfir ennþá útsetninguna, ekki SÍSL. Útsetjarinn selur SÍSL í raun bara eitt eintak á hverja virka sveit í samtökunum. Þess vegna ber að athuga og endurskoða hvort að allar útsetningar sem SÍSL hefur keypt um árin skuli vera aðgengilegar öllum, alltaf. Það fer í hendur nýrrar stjórnar að endurskoða þetta mál nánar.

Snorri leggur í kjölfarið fram spurningu til fundarmanna um það hvort að tilefni sé til að halda áfram að borga forritara fyrir þessa vinnu við heimasíðuna, því þetta er mikil vinna. Tillögur koma frá fundarmönnum um að nýta peningana frekar í að gera nýjar útsetningar en að eyða vinnu í gamlar útsetningar sem hugsanlega eru lítið notaðar. Þetta mál er sett í frekari umræður hjá nótnanefnd sem stendur til að endurvekja.

Snorri óskar eftir viðbrögðum frá fundarmönnum um þá ákvörðun stjórnarinnar og mótshaldara í Reykjanesbæ um að fresta landsmóti A/B sveita um heilt ár. Misjafnar skoðanir eru meðal fólks um þetta, m.a. að hljómsveitir sem skráðar höfðu verið á mótið munu eflaust verða öðruvísi skipaðar eftir heilt ár, og það sé langur tími fyrir hljómsveitir að bíða eftir landsmóti sem þær hafa verið að undirbúa á fullu undanfarin misseri. Einar Jónsson bendir hinsvegar á, að um haustið, í lok september, þegar áætlað var að halda landsmót C/D sveita, verður einfaldlega of mikið að gerast í lista- og tómsundalífínu að það sé kannski ekki hentugur tími fyrir landsmótið. Fundarmenn samþykkja að lokum nýja dagsetningu landsmóts í Reykjanesbæ, 7.- 9. maí 2021, eftir tillögu frá mótshöldurum í Reykjanesbæ.

Ingi Garðar leggur aftur til undir önnur mál, að gera tillögu um lagabreytingu þess efnis fyrir næsta aðalfund að fulltrúar hljómsveita Reykjavíkur verði alltaf með fulltrúa í stjórn SÍSL, og alveg eins, einn fulltrúi frá kraganum og einn frá landsbyggðinni. Þetta mun ný stjórn taka fyrir og gera þá í kjölfarið tillögu að lagabreytingu þess efnis fyrir næsta aðalfund.

Tillaga kemur frá Steinari Sigurðssyni hvort að ástæða sé til þess að hugtakið “lúðrasveit” verði endurskoðað í nöfnum hljómsveita samtakanna og að annað orð sé notað, svo sem einfaldlega “hljómsveit” í staðinn, enda er ekki aðeins um lúðra að ræða í skólahljómsveitunum; trommur og rafbassi eigi þar líka mikilvægu hlutverki að gegna. Hugtakið lúðrasveit er að hans mati, túlkað neikvætt af mörgum og er ekki aðlaðandi titill fyrir meðlimi skólahljómsveitanna að bera utan þeirra, en meirihluti fundarmanna er þessu nokkuð ósammála. Ingi Garðar bendir á að mikil og löng hefð sé fyrir hugtakinu “lúður” og það sé fallett orð sem beri að halda á lofti áfram. Þetta er ekki rætt frekar.

Einar Jónsson leggur að lokum fram spurningu um það hvort að það sé á hreinu hvort að nótnanefnd sé yfir höfuð starfandi ennþá. Hann spyr hvort að þeir einstaklingar sem skipuðu hana áður geri það enn, og hvort að það þurfi að hafa hana starfandi formlega eða hvort að hún ætti að starfa bara eftir atvikum hverju sinni, og þá sé greitt sérstaklega fyrir það. Þetta er lagt í hendur nýrrar stjórnar, að taka ákvörðun um þetta.

Jóhann I. Stefánsson fundarstjóri segir fundi slitið kl. 18:50, og að fundi loknum er dýrindis matur borinn á borð fyrir fundargesti.



Fundinn ritaði Þorvaldur Halldórsson, ritari SÍSL.

# Stjórnarfundur SÍSL 2. júní 2020

Fundurinn var haldinn heima hjá Snorra Heimissyni, formanni, að skipholti 53 105. reykjavík. Snorri, Sandra, Sólveig og Ingi mættu á staðinn og Sóley var með okkur yfir skype.

## Dagskrá fundar

### 1. Embættisskipting, hver gerir hvað í nýju stjórninni

- Snorri Heimisson - Formaður
- Sandra Rún Jónsdóttir - Gjaldkeri
- Sólveig Morávek - Ritari
- Ingi Garðar Erlendsson - meðstjórnandi
- Sóley Einarsdóttir - meðstjórnandi.

### 2. Nýkjörin ritari skrifar fundargerð

- Sólveig Morávek er nýkjörin ritari

### 3. Hvarð gerum við v/nomu

- Samnorræn lúðrasveitanefnd. Vilborg var í miklum samskiptum við NOMU. Snorri gengur í það að ræða við þau um stöðu SÍSL.
- Þetta byrjaði fyrir um 20 árum síðan, þá var starfið mjög öflugt. Fólk fór út að spila með NOMU úrvalsbandi, og eitt sinn var það haldið á Íslandi. Samskiptin minnkuðu. fyrir um 3 árum fór Vilborg að taka aftur upp þráðinn við NOMU og var að reyna að koma Hörpu inn í málin. Þær voru á leiðinni út þegar Vilborg veikist og því hættu þær við að fara út, síðan þá hafa samskiptin verið lítil sem engin.
- Við viljum endileg skoða hvað við getum nýtt okkur hjá NOMU.
- Virkja Skandinavíu í C-sveitar mótin í smiðjunum. Fá nemendur og kennara saman.

### 4. Óskalög þjóðarinnar 2020

- búið er að taka frá dagsetningu í Hörpu 2020, Sandra ætlar að finna út hvenær sú dagsetning er.
- Spila Íslensk lög!
- Nótanefndin stingur jafnvel uppá lögum.
- passa að lengdin verði jöfn hjá fólki.
- þetta eru ekki hausttónleikar skólahljómsveita
- 1 slott á mann?
- Hvernig væri að fá Stúdíó eða RÚV til að taka upp fyrir okkur hljóð og mynd.

### 5. Styrktarumsóknir v/óskalaganna

- Hvar er hægt að sæja um styrki.
- Sandra hefur sótt um styrki áður, og er til í að gera það, við munum öll hafa augun opin.

### 6. Landsmót A/B sveita í Reykjanesbæ næsta vor

- dagsetningin er 7-9 maí 2021.
- er önnur æskulýðsstarfsemi í gangi?
- hafa samband við Karen og Halla hvort allt sé bókað og við megum auglýsa
- Búa til fleiri útsetningar, hafa gaman.

### 7. Nótinasafn SÍSL

- er hægt að finna nýjar útsetningar? Kaupa af fólki bæði gamalt og nýtt.
- tala við fólk sem að starfar við þetta, og þekkja vel til.
- Virkja fólkið sem hefur starfað við þetta áður og er jafnvel komin á eftirlaun.
- SÍL, nótinasafn, hvað er til, megum við fá að vera með?
- láta vita ef það kemur eitthvað nýtt inn á síðuna, senda tilkynningapóst

## 8. Landsmót C-sveita

- Haustið 2021
- vantar staðsetningu, Vestmanneyjar, Egilstaðir, Höfn,

## 9. Önnur mál

Spurningar sem við ræddum um starfsemina.

Afhverju eru sveitir ekki að halda lífi út á landi. Okkur langar að sjá hvort eitthvað sé hægt að gera til að glæða líf í þessar hljómsveitir. Hvernig getum við aðstoðað? eru til hljóðfæri á öllum þessum stöðum sem eru nothæf? hverjir hafa borgað ársgjaldið?

Við þurfum að finna fastan fundartíma

- festa 1 stað fyrir A/B sveitar mót og kannski fleiri staði fyrir C sveitarmót.
- Hljómsveit vikunnar, koma upptökum í sjónvarp, stundina okkar. VERUM SÝNILEG

**Getum við sem SÍSL sent á SÍL bréf um áhyggjur okkar á opnu landsmót SÍL, er ekki mikilvægt að hafa aldurstakmark? Krakkar á grunnskólaaldri hafa ekki erindi á svona mót. Landsmót fyrir þessa krakka eru í boði hjá SÍSL.**

Við tökum okkur smá Sumarfrí og sjáumst næst í ágúst.

Hvað þarf að gera í stjórn SÍSL?

1. **svara póstum** - formaður sér um það
  - google docs svæðinu þarf að deila frá öllum stjórnarmönnum SÍSL
2. **greiða reikninga** - gjaldkeri sér um það
  - senda út ársgjöldin - ársgjöldin orðin 13.000 kr.
  - greiða heimasíðu hýsil og lén
  - búið að stofna Konto fyrir SÍSL
3. **halda heimasíðu og facebooksíðu up to date**
  - Þarf að laga ýmislegt á síðunni, setja inn texta um hverja sveit og jafnvel myndband. Þarf að hafa þetta einfalt.
  - Hvað verður á síðunni, verður 1 video frá hverri sveit? verður samþjöppun allra videoa? linkur á youtube rás?
  - þurfum að halda fund til að læra á heimasíðuna
  - passa að uppfæra allt, og taka til í nótnasafninu.
  - Sandra hefur mikið unnið í Wordpress og getur fundið úr hvernig þetta virkar
  - Mikilvægt að allir séu involveraðir í því hvað er að gerast á heimasíðunni
  - Facebook síðan þarf að vera virk í því að koma öllum skólahljómsveitum á landinu á framfæri. - Hljómsveit vikunnar
  - vekja athygli á starfsemi okkar.
4. **halda utanum nótnasafn okkar**
  - Ingi Garðar bauð sig fram til að vera í Nótnanefndinni og fara yfir og taka til í safninu okkar fyrir fullt og allt.
  - Sólveig er til í að vera í þessu líka

# SÍSL Fundur 11. september 2020

Fundur hófst klukkan 10:00

Mættir eru Snorri Heimisson, Sandra Rún Jónsdóttir, Sólveig Morávek, Sóley Einarsdóttir og Ingi Garðar Erlendsson.

## 1. Laga til í stöðugildum innan stjórnar SÍSL

Það þarf að gera gjaldkeraskipti.

Vantar undirskriftir frá fólki sem var á aðlafundi í vor. Sandra ætlar í það að safna undirskriftum.

## 2. Bréf til stjórnar SÍL v/aldurstakmark í þátttöku á landsmótum og öðrum fagnaði á þeirra vegum

Okkur hefur borist til eyrna ýmis mál, t.d. kynferðisbrotamál sem gerist á viðburðum á fylleríum hjá fullorðinslúðrasveitum. Hugmynd SÍL er að vera með börn 15+ á þessu landsmóti. Við viljum senda póst og fara fram á það að bannað yrði að börn taki þátt í þessum viðburði, og þátttaka barna í fullorðins frístundum er jafnvel óþörf. Við mælumst til þess að börn á grunnskólaaldri sé ekki að taka þátt í fullorðins frístundum.

Við viljum senda SÍL bréf og óska eftir fundi til að ræða um aldurstakmörk í SÍL sveitum og vinna að sameiginlegum markmiðum til að efla lúðrasveitarstarf í landinu.

## 3. Óskalög þjóðarinnar 15. nóvember

Jákvætt ef við getum fljótlega látið í okkur heyra. Erfiðir tímar og stórar líkur á að við getum ekki haldið óskalögin.

Ívar Baldvin sendi okkur tilboð frá Stúdío Sýrlandi til að taka upp hljómsveitirnar. Hann bauð uppá að streyma þessu og taka upp og geyma fyrir sveitirnar. Gallinn er að þetta eru svolítið miklir peningar. 700.000 - 800.000 fyrir upptökur og 500.000 fyrir Hörpu. Við þyrftum að sækja um styrki til að halda þetta. Erum að skoða hvar og hvaða styrki skal sækja um. Við skulum leggja áherslu á að allir spili íslenska tónlist, það einfaldar við styrktarumsókn og getur orðið hagstæðara fyrir sísl í framtíðinni. Við erum að stuðla að menningarlífi fyrir krakka sem og fullorðna. Er hægt að fá RÚV inni þetta? Sýna upptökur þar, til að hafa starfið sýnilegt á landsvísu. Snorri sendir póst á alla SÍSL meðlimi, förum eftir sóttvarnareglum, fyrirhugað sé að taka þá upp og streyma þeim. Verið er að vinna í að

Hvar í hörpu? Norðurljós, Flói, Silfurberg?

Slottin góðu, Við erum með 30 mínútna slott á uppboði fyrir sveitirnar. Í fyrra voru sumar sveitir með 2 slot sem fór illa í aðrar sveitir. Okkar hugmynd er að banna mörg slot og bjóðum við þá frekar uppá langt slot 45

mínútur og stutt slot 30 mínútur.

Ingi Garðar ætlar að tala við Ásu í Hörpu. Halldóra Geirharðs sem kynnir?

**4. Umsókn á styrkjum**

Sandra er búin að vera dugleg að sækja um styrki, Snorri ætlar að skoða hvaða styrkir eru í boði.

**5. Heimasíðan okkar góða**

Við ákváðum þar sem að við erum að eyða miklum peningum í Óskalögin, og erum ekki að halda landsmót á þessu ári að fresta uppbótum á heimasíðunni þar til við fáum fjármagn eftir næsta landsmót.

**6. Landsmótið 7.-9. maí 2021**

Verður rætt á næsta fundi.

**7. Önnur mál**

- Nótur innan síðu sísl: Viljum við taka til í þessu? Slagverkspartar margir ekki nógu góðir.
- Stuðla að fræðslukvöldi fyrir útsetjara til að læra að skrifa fyrir slagverk.
- við förum í þá vinnu að skoða hvaða útsetningar þarf að laga.

Fundi lokið klukkan 11:30

---

18. september 2020 fundur settur klukkan 11:05

Þeir sem sitja fundinn eru Snorri Heimisson, Sandra Rún Jónsdóttir, Ingi Garðar Erlendsson, Sóley Einarsdóttir og Sólveig Morávek.

**1. Óskalögin, hversu margir hafa svarað**

Sandra fer yfir könnunina sem við sendum á félagsmenn um óskalögin og hafa 8 skólar skráð sig, en aðeins 4 sem sögðust ekki getað komið. Restin hefur ekki tjáð sig um þetta. Spurningu var hent fram um hvort eitthvað verður af Óskalögnum vegna Covid19, það væri ekki rökrétt á meðan að smit væru enn að berast að halda svona samkomu, þó svo að börn séu undanskilin þá eru alltaf fullorðnir sem þurfa að vera á staðnum. Stjórninni fannst réttast að fresta þessu þangað til það er komið bóluefni við Covid19.

Ingi Garðar kom með hugmynd um að búa til stemningu hjá skólahljómssveitum landsins til að taka sig sjálf upp, hljóð og mynd, sem stjórnin myndi svo setja inn á síðu samtakanna og streyma á settum degi. Snorri var ekki eins hrifinn af því og vildi að upptökurnar væru allar með sama útlit og í sömu gæðum.

Það var velt vöngum yfir því hvort rökrétt væri að eyða fjármunum í einungis 8 sveitir af öllum þeim sveitum sem eru í SÍSL, það væri gaman að gera þetta ef að allir gætu verið með.

**2. Fundurinn með SÍL á miðvikudaginn**

Snorri spjallaði við Pál Pálsson, formann SÍL, um komandi fund og var hann spenntur yfir fundinum, komst Snorri þá að því að SÍL er ekki alveg með á hreinu um hvað við viljum tala á þessum fundi og viljum við koma varlega að efninu. Við viljum koma þessu eins vel frá okkur og við getum.

Krakkar á grunnskóla aldri eiga ekki að vera í fullorðinssveitum. Við höfum áhyggjur af þessu, og það eru tilfelli þar sem börn lenda í misjöfnu á mótum og æfingum. Upp hefur komið mál þar sem unglingur hefur verið í eldri sveit og lenti fyrir ofbeldi af hálfu fullorðins einstaklings.

Í skólahljómssveitum eru mörg börn og er okkur umhugað um hvað verður um þau þegar þau hætta. Við vitum að einhverjum skólahljómssveitastjórnendum finnst erfitt að senda nemendur sína í áhugamannasveitir fullorðina einstaklinga.

Í skólahljómssveitakerfi Reykjavíkurborgar er leyfi til að halda nemendum hjá okkur til 18 ára aldurs og var hugmyndin að börn undir 18 ára ættu ekki að vera í fullorðinshljómssveitum. Eftir spjall um þetta komumst við að þeirri niðurstöðu að við skyldum ekki setja boð og bönn heldur frekar að opna fyrir þessa umræðu. Fyrst og fremst viljum við ekki að börn á grunnskólaaldri séu í svona félagsskap.

**Útsetningar**

Nú fer að rigna yfir okkur útsetningum, Elvar Bragi sendi á okkur útsetningu sem er mjög vönduð C sveitarútsetning af laginu Garún. Ingi Garðar og Snorri Heimisson fóru yfir þessa

útsetningu hjá Elvari og samþykktu. Við höfum ákveðið að kaupa þessa útsetningu og setjum hana inná vefinn í vetur.

Rætt var um hvort ætti að vera nótnanefnd. Á aðalfundinum í vor, var fólk sammála að það þyrfti að vera einhverskonar nótnanefnd sem færi yfir helstu galla og kosti útsetningana.

Snorri leggur til að við séum nótnanefndin líka, stjórnin tók vel í það.

Við viljum endurskoða staðla og form útsetninga, hvort það er eitthvað sem má bæta eða laga. Stjórninni finnst líka vera kominn tími til að taka til í útsetningum SÍSL, betrumbæta safnið okkar, samræma parta, skanna inn gamlar útsetningar. Við ætlum að sækja um styrk hjá nótnasjóði STEF til að geta borgað manneskju til að fara í þetta verkefni.

Umsóknarfrestur nótnasjóðs er 10. apríl.

### 3. Heimasíðan

Heimasíðan góða, gott að halda henni virkri. Ingi leggur til að hver sér um sinn hluta af síðunni.

**Ingi Garðar** með nótu-hlutann,

**Snorri** með mynda hlutan og

**Sóley** með mynda hlutan

Það eru villur í nótnahlutanum sem þarf að laga. Snorri leggur til að auglýsa nýjar útsetningar meðal félagsmanna.

Það væri gaman að safna gömlum myndum frá lúðrasveitastarfi.

Setja inn gamla bæklinga af landsmótum. Ingi minnti á að við þyrftum alltaf bestu upplausn af myndum til að hafa inná heimasíðunni okkar.

Nokkrar spurningar komu upp sem við ætlum að spyrja félagsmen SÍSL

Á Birgir eitthvað af myndum?

Áttu gömlu stjórnirnar myndir?

Á Einar eitthvað til?

### 4. Önnur Mál

Ekki voru önnur mál sem þyrfti að tala um á þessum fundi

Næsti fundur verður föstudaginn 9. október klukkan 10.00  
fundi slitið klukkan 12:10

# SÍSL Fundur 30 október 2020

Fundur hófst klukkan 10:00, hist var í gegnum fjarfundarbúnað.

*Mættir eru Snorri Heimisson, Ingi Garðar Erlendsson, Sóley Einarsdóttir, Sandra Jónsdóttir og Sólveig Morávek (ritari)*

Síðan á síðasta fundi hefur ekki verið klárað að ganga frá gjaldkeraskiptum. Enn vantar 1 undirskrift frá Inga Garðari, en vegna Covid-19 hefur fólk lítið verið að hittast í persónu.

Lítið í þípunum, því SÍSL sér um hópastarfsemi, en við erum að reyna að vera virkari á heimasíðu og útgáfu á útsetningum. Er eitthvað sem við getum gert til að gera aðgegni útsetninga einfaldari, og eitthvað sem að hjálpar fjarkennslunni?

2 nýjar útsetningar, Garún úts. Elvar Bragi Kristjónsson og Enginn eins og þú úts. Sólveig Morávek

## 1. Nótanefnd.

Við viljum hafa nótanefndina starfandi og kom Ingi Garðar sér að máli við Össur Geirsson og bað hann um að vera í nótanefndinni. Össur samþykkti það. Einnig Er búið að biðja Sólveigu Morávek að vera með sem er búin að samþykja það.

Upp kom umræðan hvort það væri ekki skrýtið að þeir sem væru að selja útsetningar sínar til SÍSL væru í nótanefnd, en við ræddum það og eru allir sammála um að við erum með sama markmið með að hafa allar útsetningar með sömu kröfur, 4 slagverkspartar, eins forsíða, nokkur orð um útsetninguna.

Sandra, Sóley og Snorri eru sammála þessu vali á nótanefnd.

Nokkrar útsetningar sem komu í fyrra sem þyrfti að laga.

Hvað segja dýrin, fer of hátt í Klarinettum.

Húsið og ég, þarf að laga

Slagverkspartar sem eru outdated sem þarf að laga, eftir flesta. Við sættum okkur ekki við meira en að fá 4 parta í slagverk

Að mörgu þarf að huga. Koma þessu inná heimasíðuna sem allra fyrst.

## 2. Útsetningar á heimasíðu.

Ingi Garðar er búinn að vera að skoða nótnasafnið okkar og fara yfir alla parta í ákveðnum útsetningum og tekið til það sem þarf að laga. Koma öllum útsetningunum í sama form. Við munum hafa samband við útsetjarana og athuga hvort þeir séu ekki til í að betrubæta þær fyrir okkur.

Hvenig munum við merkja fælana? Við ætlum að ræða við forritara hvernig best sé að merkjafælanna upp á skipulag á heimasíðu og í tölvum.

Við viljum líka setja reglugerð eða smá klausu um hvað þýðir þegar SÍSL er búið að kaupa útsetningu, á SÍSL útsetninguna eða er hún búin að kaupa afnot? Þetta þarf að vera skýrt.



### 3. Önnur mál

Er hægt að fá hljóðfæl eða undirspil á jólalögum til að aðstoða með fjarkennslu hjá SÍSL sveitum? 10 lítil Jólalög úts. Össur Geirsson

Gamli jóla-pakkinn hans Össurar sem eru 12 lög í pakka í gamla layoutinu, er hægt að laga það og setja það upp í sama layout og útsetningarnar inná SÍSL eru? Telur Össur þetta vera ónýtar útsetningar? Er hann búinn að setja þær upp á nýtt eða eigum við að búa til verkefni fyrir útsetningakúrs LHÍ?

Sameining sveitarfélaga hefur átt sér stað sem gerir það að verkum að okkar hljómsveitalisti er úreltur. Sum sveitafélög voru að fá 2-3 reikninga frá okkur og þarf að laga þetta. Við tókum það að okkur að hringja í sveitarfélögin á landinu til þess að fá þetta á hreint. Það gengur ekki að við séum að senda óþarfa reikninga og svo afskrifa þá!

***Sóley tekur Norðurland og Austurland***

***Sandra tekur Suðurland***

***Snorri tekur Vesturland og Vestfirði***

***Ingi Garðar Kraginn og Reykjanes***

Fundi slitið 10:50

# SÍSL Fundur 20 nóvember 2020

Fundur hófst klukkan 10:00, hist var í gegnum fjarfundarbúnað.

Mættir eru Snorri Heimisson, Ingi Garðar Erlendsson, Sóley Einarsdóttir, Sandra Jónsdóttir og Sólveig Morávek (ritari)

## Landsmótið, 7. - 9. maí 2021. Erum við að fara að skipuleggja mótið?

Rætt var um hvort það væri galið að leggja á sig vinnuna að skipuleggja mót sem yrði svo mögulega ekki hægt að halda? Niðurstaða okkar er að fara í þessa skipulegasvinnu að hluta til þar til við vitum meira um aðsætðu. Í verstafalli verður mótinu frestað, en það væri ekki gaman ef að allt verður komið á blússandi siglingu að við værum ekki með mót.

Snorri heyrði í Halla og bókaði fund með honum og Karen næstkomandi föstudag klukkan 10:00, sjá hvað þau hafa um þetta að segja. Eftir þann fund munum við byrja að bóka og skipuleggja ef við fáum grænt ljós. Mikilvægast er að bóka sali sem fyrst til svo þeir séu allavega á lausir ef af verður.

## Hvernig gengur að rukka ársgjöldin?

22 búnir að borga ársgjaldið, 13.000 kr.

Sóley tók að sér að hringja í tónlistarskóla á austur- og norðurlandi til að sjá hver staðan er á þeim og kom þá í ljós að einhvegir vildu hætta að borga í SÍSL útaf því þau eru ekki með neina starftæka lúðrasveit, aðgangi þeirra að heimasíðunni var eytt strax í kjölfarið.

Varðandi sameinuð sveitarfélög þá kom það kom skýrt fram hjá nokkurum tónlistarskólum að það þyrfti að senda reikninginn beint á tónlistarskólana en ekki sveitarfélögin, gjaldkeri mun fara í það um leið og allar upplýsingar eru komnar.

Við veltum því fyrir okkur hvort það væri hægt að hafa minna gjald fyrir þá sem eru ekki með starfandi hljómsveit innan tónlistarskólanna og jafnvel herra gjald fyrir stærri hljómsveitir. Ef yrði farið út í það þyrfti að vera mjög skýrt hvernig því yrði háttað.

Snorri var ekki sérstaklega hrifin af þessari hugmynd. Það kostar 13.000 kr að vera í SÍSL og það er ekki flóknara.

Uppfrá þessu kom sú hugmynd að við gætum verið með meira í boði á síðunni okkar, t.d. kammer útsetningar og jafnvel eitthvað námsefni, hvernig við útfærum það verður rætt síðar

## **Fréttabréf SÍSL**

Þegar Sóley var að hringja í tónlistarskólanna kom í ljós að sumir þeirra voru ekki alveg vissir hvað SÍSL væri og því duttum við niður á það ráð að senda fréttabréf einu sinni á ári til að segja frá starfinnu, hvað erum við að gera, hver eru fríðindi þess að vera í SÍSL og hvað hefur gerst nýtt á árinu. Sólveig og Sandra tóku það verkefni að sér að setja upp bréf sem verður svo sent þegar það er tilbúið. Það þarf að vera skýrt að allir krakkar mega koma á landsmót þó það sé ekki starfandi lúðrasveit, svo lengi sem að SÍSL gjaldið er borgað.

## **Covid-19**

SÍSL barst bréf þess efnis hvort við ætluðum að þrýsta á menntamálaráðuneyti um að hóptímar tónlistaskóla mættu byrja í takt við að íþróttafélög megi vera með æfingar. Þetta ósamræmi er eitthvað sem á ekki að vera til staðar. Niðurstaða stjórnar var að senda bréf eftir helgi ef að ekkert breytist..

Fundi slitið 11:11